

## **4. kafli**

### **Ítarefni um mannréttindi**

## Efnisyfirlit kaflans

<b>Að skilja mannréttindi</b> .....	283
Hvað eru mannréttindi? .....	283
Sögulegt yfirlit .....	285
Mannréttindi víða um heim .....	287
Hvernig getum við notað réttindi okkar? .....	288
Mannréttindi – vandamál og misbeiting .....	289
Fleiri ráðgátur .....	290
<b>Þróun mannréttinda</b> .....	291
Hver er réttur okkar? .....	291
<b>Lagaleg verndmannréttinda</b> .....	296
Helstu alþjóðlegu samningarnir .....	296
Að knýja fram mannréttindi .....	300
Dugir þetta? .....	304
<b>Aðgerðastefna og hlutverk frjálsra félagasamtaka</b> .....	305
Dæmi um árangursríkar aðgerðir .....	307
<b>Spurningar og svör</b> .....	310
Umhugsunarefni .....	312

# Að skilja mannréttindi

## Hvað eru mannréttindi?

### Ráðgáta

Líkja má mannréttindum við brynju: þau vernda fólk; þau líkjast reglum því að þau segja fólki hvernig það á að haga sér; og þau líkjast dómum því að hægt er að vísa til þeirra. Þau eru óhlutbundin – eins og tilfinningar; og eins og tilfinningar tilheyrja þau öllum og eru til staðar hvað sem á gengur.

Þau eru eins og náttúran því að hægt er að óvirða þau; og eins og andi mannsins því að ekki er hægt að granda þeim. Líkt og tíminn fara þau eins með alla – ríka og fátæka, unga sem aldna, hvíta og svarta, háa og lága. Þau skapa okkur virðingu og þau krefjast þess að við komum fram við aðra með virðingu. Rétt eins og með góðmennsku, sannleika og réttlæti greinir okkur á um skilgreiningu þeirra, en við þekkjum þau þegar þau verða á vegi okkar.



**Getur þú skilgreint mannréttindi? Hvernig útskýrir þú hvað þau eru?**

### Hvaðan koma mannréttindi?

Við getum krafist réttinda. Ég á rétt á vörunum í innkaupakörfunni ef ég hef greitt fyrir þær. Borgararnir eiga rétt á að kjósa forseta, ef stjórnarskrá landsins tryggir það, og barn á rétt á að fara í dýragarðinn ef foreldrar þess hafa lofað að fara með það þangað. Öllu þessu á fólk að geta gengið að sem vísu, ef annar aðili hefur lofað því eða ábyrgst það.

En mannréttindi eru kröfur sem eru dálítið frábrugðnar þessu, að því leyti að þau eru ekki háð loforði eða ábyrgð annars aðila. Réttur manns til lífs er ekki háður loforði einhvers annars um að drepa hann ekki: líf hans kann að vera háð því, en rétturinn til lífs er það ekki. Réttur manna til lífs er aðeins háður einu: því að þeir eru menn.

Í viðurkenningu á mannréttindum felst að samþykkja að allir eigi rétt á að gera eftirfarandi kröfu: ég á þennan rétt, hvað sem þú segir eða gerir, því að ég er maður, rétt eins og þú. Mannréttindi eru ásköpuð öllum mönnum.

Af hverju þarf þessi krafa ekki að styðjast við neitt? Á hverju er hún reist? Og hvers vegna ættum við að treysta henni?

Krafan er umfram allt siðferðisleg og hún er reist á siðferðislegum gildum. Réttur minn til lífs merkir í rauninni það að enginn skal taka líf mitt frá mér; það væri rangt að gera það. Í ljósi þessa þarf krafan lítinn stuðning. Ef til vill erum við öll samþykk henni því að við finnum það öll, hvert fyrir sig, að það eru vissir þættir í lífi okkar, tilveru okkar, sem eiga að njóta friðhelgi og enginn annar á að geta snert við því að þeir eru frumskilyrði mennsku okkar og mannlegrar reisnar. Mannréttindi víkka einfaldlega út þennan einstaklingsbundna skilning svo að hann gildi um alla menn á jörðinni. Ef ég get gert þessar kröfur, þá geta allir aðrir gert það líka.



**Hvers vegna er rangt að brjóta á rétti einhvers annars til lífs? Hvers vegna er rangt að svipta hann lífinu? eru þetta sömu spurningarnar?**

„Mannréttindi eru það sem enginn getur frá þér tekið.“

René Cassin

„Það sem maðurinn vill er einfaldlega sjálfstætt val, hvað sem það sjálfstæði kann að kosta og hvert sem það getur leitt.“

Fjodor Dostojevskij

## Grunngildi

Það eru því tvö megingildi sem hugmyndin um mannréttindi er byggð á. Hið fyrra er mannleg reisn og hið síðara er jöfnuður. Mannréttindi má skilja sem svo að þau lýsi þeim grundvallarviðmiðum sem eru skilyrði lífs með reisn; og algildi þeirra er runnið frá þeirri staðreynd að hvað þetta varðar, að minnsta kosti, eru allir menn jafnir. Við eigum ekki og getum ekki gert upp á milli þeirra.

Þessar tvær hugmyndir, eða gildi, eru í rauninni allt sem þarf til að aðhyllast mannréttindi, og þær eru varla umdeildar. Það er þess vegna sem mannréttindi fá stuðning frá öllum menningarsvæðum heims, öllum siðmenntuðum ríkisstjórnnum og öllum helstu trúarbrögðum. Hér um bil alls staðar er viðurkennt að ríkisvald getur ekki verið ótakmarkað eða háð geðþóttu; það verður að minnsta kosti að gæta þess að hver og einn í lögsögu þess fái búið við tiltekin lágmarksskilyrði um mannlega reisn.

Mörg önnur gildi er hægt að leiða af þessum tveimur grunngildum og með þeim má skilgreina nánar hvernig fólk geti í reynd lifað í samfélagi. Dæmi:

**Frelsi:** vegna þess að mannlegur vilji er mikilvægur þáttur í mannlegri reisn. Það er niðurlægning mannsandans að neyða manninn til gera eitthvað gegn vilja sínum.

**Virðing fyrir öðrum:** vegna þess að einstaklingseðli mannsins og meðfædd reisn er fyrir borð borin ef hann nýtur ekki virðingar.

**Bann við mismunun:** vegna þess að jöfnuður að virðingu merkir að við eigum ekki að dæma fólk eftir líkamlegum (eða öðrum) eiginleikum sem ekki skipta máli.

**Umburðarlyndi og viðurkenning:** vegna þess að umburðarlyndi sýnir skort á virðingu fyrir öðrum. Jöfnuður merkir hér ekki einsleitni eða fábreytni heldur snýst um jafnan rétt, þrátt fyrir einstaklingsbundinn mun.

**Réttlæti:** vegna þess að fólk sem á jafnan rétt á skilið sanngjarna meðferð.

**Ábyrgð:** vegna þess að virðing fyrir réttindum annarra felur í sér ábyrgð á eigin gerðum.

## Einkenni mannréttinda

Heimspekingar geta haldið áfram að rökræða eðli mannréttinda en alþjóðasamfélagið hefur komið sér saman um lykilreglur sem ríki hafa samþykkt og verða að virða. Það sem í þessum reglum felst er að:

- 1. Mannréttindi eru óafsalanleg.** Þetta merkir að ekki er hægt að missa þau því að þau eru tengd sjálfri tilveru mannsins. Undir vissum kringumstæðum er hægt að víkja frá sumum þeirra – þó ekki öllum – eða takmarka þau. Ef maður er til dæmis fundinn sekur um glæp er hægt að svipta hann frelsi sínu; eða stjórnvöld geta sett á útgöngubann meðan óeirðir ríkjá í landi.
- 2. Þau eru ódeilanleg, háð innbyrðis og samtvinnuð.** Þetta merkir að öll mannréttindi eru óhjákvæmilega tengd og ekki er hægt að líta á þau sem einangrað fyrirbæri. Það að geta notið einna réttinda er háð því að njóta margra annarra réttinda og engin ein réttindi eru mikilvægari en önnur.
- 3. Þau eru algild,** sem merkir að þau eiga við um allt fólk hvar sem er í heiminum og þau renna aldrei út. Allir eiga rétt á að njóta mannréttinda án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana og annarra skoðana, þjóðernis- eða félagslegs uppruna, ætternis eða annarra atriða.

Hafa ber í huga að algildi mannréttinda ógnar ekki að neinu leyti hinni miklu fjölbreytni meðal einstaklinga eða mismunandi menningarheima. Fjölbreytni getur áfram verið til í heimi þar sem allir eru jafnir, og virtir að jöfnu.

„Lífsgildi eru ósýnileg eins og vindurinn. Af skráfi laufblaðanna merkir þú vindinn. Og þú áttar þig á fólki út frá lífsgildum þess.“

Éva Ancsel

## Sögulegt yfirlit

Sú hugmynd að fólki séu ásköpuð réttindi á rætur í mörgum menningarheimum og fornum hefðum. Við getum séð af fjölda dæma um virta og áhrifamikla leiðtoga og lögbækur að gildin sem felast í mannréttindum eru hvorki „vestræn uppfinning“ né nýmæli tuttugustu aldar.

### Fornaldarsagan

- Lög Hammurabis í Babýlon (Írak um 2000 f.Kr.) voru fyrstu rituðu lög, staðfest af konunginum í Babýlon. Þau skyldu „hefja réttlætið til vegs í konungdæminu, útrýma hinu vonda og ofbeldisfulla, hindra hina sterku í að kúga hina veiku, ... upplýsa landið og stuðla að hag þjóðarinnar“.
- Faraó í Egyptalandi hinu forna (um 2000 f.Kr.) var sagður hafa gefið mönnum sínum fyrir-mæli: „Þegar beiðandi kemur frá Efra- eða Neðra-Egyptalandi ... gætið þess þá að allt fari fram eins og lög mæla fyrir um, að venjum sé fylgt og réttur hvers manns virtur.“
- Lögbók Kýrusar (Íran um 570 f.Kr.) var sett saman af Persakonungi handa þjóð hans og viðurkenndi rétt til frelsis manna, öryggis og ferðafrelsis og nokkur félagsleg og efnahagsleg réttindi.



Hverjir hafa beitt sér fyrir mannréttindum á Íslandi?

### Frelsiskrá Englands og Réttindaskráin

Árið 1215 mótmæltu enskir aðalsmenn og klerkar valdniðslu Jóhanns konungs hins landlausa og fengu hann til að samþykkja að hlíta lögum með því að setja saman Frelsiskrána (Magna Carta). Þó að konungurinn virti ekki Frelsiskrána var víða vitnað til hennar þegar verja átti frelsið. Í henni eru talin upp ýmis réttindi, svo sem réttur allra frjálsra borgara til að eiga eignir og þurfa ekki að greiða óhóflega skatta. Hún staðfestir reglur um sanngjarna framkvæmd laganna og jöfnuð gagnvart þeim. Þar sem stjórnarhættir Jakobs II stríddu gegn lögum gerðu þegar hans uppreisn gegn honum árið 1688. Árið 1689 samþykkti þingið frumvarp þar sem því var lýst yfir að það myndi ekki lengur líða afskipti konungvaldsins af málum sínum. Þetta frumvarp, sem kallað er Réttindaskráin (Bill of Rights), bannaði einvaldinum að víkja frá lögum án samþykkis þingsins og úrskurðaði að málfrelsi í þinginu væri óskorað, í dómssólunum og annars staðar.

### Náttúruleg réttindi

Á sautjándu og átjándu öld komu margir heimspekingar í Evrópu fram með hugtakið „náttúruleg réttindi“. Þetta voru réttindi sem tilheyrðu einstaklingi vegna þess að hann var maður, en ekki vegna þess að hann væri til dæmis borgari í tilteknu landi eða væri í ákveðnu trúfélagi eða þjóðernishópi. Sú hugmynd að þessi náttúrulegu réttindi ættu sjálfkrafa að veita fólki viss lagaleg réttindi varð víðar viðurkennd og merki um hana tóku að sjást í stjórnarskrám nokkurra landa.

### Franska mannréttindayfirlýsingin (1789)

Árið 1789 gerðu Frakkar byltingu gegn einveldinu og stofnuðu fyrsta franska lýðveldið. Yfirlýsingin var ávöxtur byltingarinnar og hún var samin af fulltrúum klerka, aðalsmanna og alþýðumanna í anda hugmynda upplýsingarmanna eins og Voltaires, Montesquieus, Alfræði-

„Prennt heldur heiminum uppi: sannleikur, dómgreind og friður.“

Talmud

„Maðurinn er... í eðli sínu algerlega frjálst, jafn öðrum og sjálfstæður, enginn má vera ... háður pólitísku valdi annars, án eigin samþykkis.“

John Locke

„Þú skalt ekki morð fremja.“

Biblían

bókarmanna og Rousseaus. Yfirlýsingin réðst á hið lagalega og pólitíska kerfi einveldisins og skilgreindi náttúruleg réttindi mannsins sem „frelsi, eignarrétt, öryggi og réttinn til að rísa gegn kúgun“. Í stað einveldisins, sem studdi forréttindi aðalsmanna, kom grundvallarreglan um jöfnuð fyrir lögunum.

### Sjálfstæðisfirlýsing Bandaríkjanna, stjórnarskráin og réttindaskráin (1791)

Árið 1776 lýstu flestar bresku nýlendurnar í Norður-Ameríku yfir sjálfstæði sínu frá Breska heimsveldinu í sjálfstæðisfirlýsingu Bandaríkjanna. Hún var að miklu leyti byggð á kenningum Lockes og Montesquieus um „náttúrulegan rétt“, og hafði áhrif á frönsku byltinguna og byltingar gegn spænskum yfirráðum í Suður-Ameríku. Síðar var aukið við bandarísku stjórnarskrána og miðstýringu komið á innan ríkisstjórnarinnar en völd hennar þó höfð nógu takmörkuð til að tryggja einstaklingsfrelsi. Tíu viðaukar við stjórnarskrána mynda réttindaskrá Bandaríkjanna.

### Fyrstu alþjóðasamningar

Með þjóðfélagsbreytingum á nítjándu og tuttugustu öld skapaðist vettvangur fyrir alþjóðlega umræðu um ýmis samfélagsmeini; fyrst voru þetta mál eins og þrælahald, ánauð, slæm vinnuskilyrði og vinna barna. Það var um þetta leyti sem fyrstu alþjóðlegu samningarnir um mannréttindi voru samþykktir.

- Þrælahald varð ólöglegt í Englandi og Frakklandi í byrjun nítjándu aldar og árið 1814 undirrituðu ríkisstjórnir Bretá og Frakka Parísarsamninginn, með það að markmiði að koma í veg fyrir þrælasölu. Á Brusselráðstefnunni árið 1890 voru undirrituð lög gegn þrælahaldi, sem síðar voru staðfest af átján ríkjum.
- Með fyrstu Genfarsamningunum (1864 og 1929) hófst samstarf ríkja á öðru sviði; þar voru settar fram nákvæmar reglur um hernað, þ. e. mannúðarlög, einkum um umönnun sjúkra og særðra hermanna.



**Hvers vegna heldur þú að komið hafi upp þörf fyrir alþjóðlega samninga frekar en að einstök lönd settu sér eigin reglur?**

### Tuttugasta öldin

Sú hugmynd að verja þyrfti réttindi manna gagnvart ríkisvaldinu fékk æ meiri hljómgrunn. Mikilvægi þess að kerfisbinda þessi réttindi skriflega var þegar orðið einstökum ríkjum ljóst og þannig urðu samningarnir sem greint var frá hér að framan fyrirrennarar margra samninga nútímans um mannréttindi. Það voru þó atburðir seinni heimsstyrjaldarinnar sem beinlínis knúðu á um að fjallað yrði um mannréttindi á alþjóðavettvangi.

Þjóðabandalagið var bandalag ríkja sem stofnað var eftir fyrri heimsstyrjöldina og skyldi standa vörð um grundvallarreglur um mannréttindi, en það var ekki fyrr en eftir hin hryllilegu grimmdarverk sem framin voru í seinni heimsstyrjöldinni, og einkum vegna þeirra, sem alþjóðleg lög voru sett. Þessir atburðir gerðu það bæði mögulegt og nauðsynlegt að ríki heims sameinuðust um alþjóðalöggjöf til að verja og kerfisbinda mannréttindi.

Stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, undirrituð 26. júní 1945, endurspeglar þessa hugmynd. Í stofnskránni segir að grundvallarmarkmið Sameinuðu þjóðanna sé „að bjarga komandi kyn-

„Og berjist á vegum Guðs við þá sem berjast við yður, en beitið ekki yfirgangi: Guð elskar ekki yfirgangsmenn.“

Kóraninn

slóðum undan hörmungum ófriðar“ og „að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi, jafnrétti karla og kvenna“.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var sett saman af Mannréttindanefndinni, einni af stofnunum Sameinuðu þjóðanna, og var samþykkt af Allsherjarþinginu 10. desember 1948. Síðan þá hafa verið gerðir ýmsir samningar sem tryggja grunnreglur hennar og þeir hafa verið samþykktir af alþjóðasamfélaginu. Nánari upplýsingar um nokkra þessara alþjóðlegu samninga eru síðar í þessum kafla, þar á meðal um Mannréttinasáttmála Evrópu.

„Stríð verða háð svo lengi sem mannum tekst ekki að skilja að mannlegt eðli er hið sama, hvar á jörðinni sem við erum stödd.“

Pierre Daco

## Mannréttindi víða um heim

Mörg svæði í heiminum hafa komið á eigin kerfi til að vernda mannréttindi, samhliða kerfi Sameinuðu þjóðanna. Nú eru slíkar stofnanir í Evrópu, Ameríku, Afríku og Arabaríkjunum en ekki í Austur-Asíu og á Kyrrahafssvæðinu. Flest lönd í þessum heimshluta hafa þó fullgilt helstu sáttmála og samninga Sameinuðu þjóðanna og þar með staðfest að þau samþykki hinar almennu reglur, og hlíti alþjóðalögum um mannréttindi.

Mannréttinasáttmáli Afríku tók gildi í október 1985 og hefur verið fullgiltur í yfir 40 ríkjum. Sáttmálinn er athyglisverður vegna þess að hann er að ýmsu leyti frábrugðinn samningum sem staðfestir hafa verið í öðrum heimshlutum:

- Gagnstætt sáttmálum Evrópu og Ameríku tekur Mannréttinasáttmáli Afríku til félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra réttinda, auk borgaralegra og stjórn-málalegra réttinda.
- Mannréttinasáttmáli Afríku fjallar ekki einungis um réttindi einstaklinga; hann heldur einnig fram sameiginlegum rétti þjóða.
- Í sáttmálanum er einnig viðurkennt að einstaklingar hafi skyldur jafnt sem réttindi, og þar eru meira að segja tilgreindar sérstakar skyldur sem einstaklingarnir hafa gagnvart fjölskyldu sinni, ríkinu og alþjóðasamfélaginu.

**?** **Hvers vegna heldur þú að skyldur séu taldar upp í mannréttinasáttmála? Finnst þér að þær ættu að vera tilgreindar í öllum samningum um mannréttindi?**

Í arabaheiminum er nú starfandi svæðisbundin mannréttindastofnun, en aðeins með takmarkað vald. Þar hefur þó einnig verið samþykktur mannréttinasáttmáli sem nær til þessa svæðis. Í þessum sáttmála, eins og í Mannréttinasáttmála Afríku, er fjallað um félagsleg og efnahagsleg réttindi auk borgaralegra og stjórn-málalegra réttinda og einnig eru þarna tilgreind „sameiginleg réttindi arabþjóðanna“.

Þrýst hefur verið á um að kerfi svipuðu þessu verði komið á í Austur-Asíu og á Kyrrahafssvæðinu en engir formlegir samningar hafa enn verið gerðir. Niðurstaða af ráðstefnu frjálsra félagasamtaka sem haldin var á svæðinu árið 1993 var Bangkok-mannréttindayfirlýsing frjálsra félagasamtaka þar sem sagði:

„Við getum lært ýmislegt af ólíkum menningarheimum. ... Algild mannréttindi eiga rætur í margs konar menningu. Við staðfestum þau grundvallargildi mannréttinda að veita öllu mannkyni vernd. ... Lýst er stuðningi við fjölbreytileika en menningarhefðir sem rýra almennt viðurkennd mannréttindi, þar á meðal réttindi kvenna, eiga ekki að líðast. Þar sem mannréttindi snerta alla og eru algild getur stuðningur við mannréttindi ekki talist vera íhlutun í málefni sjálfstæðs ríkis“.

“Þótt mikilvægt sé að taka tillit til sérkenna þjóða og menningarsvæða og mismunandi sögulegs, menningarlegs og trúarlegs bakgrunns; er það skylda ríkja, hvert sem pólitískt, efnahagslegt eða menningarlegt skipulag þeirra er, að styðja og vernda öll mannréttindi og grundvallarfrelsi“.

Vínaryfirlýsingin (1993)

„Við berum öll, og ég sérstaklega, ábyrgð á öllu og öllum.“

Fjodor Dostojevskij

## Hvernig getum við notað réttindi okkar?

Mannréttindi eru fyrir okkur. Hvernig getum við þá nýtt okkur þau? Augljóst er að tilvist þeirra ein og sér nægir ekki til að stöðva brot gegn þeim því að við vitum að slík brot eru framin alla daga, alls staðar á jörðinni. Skipta þau þá einhverju máli? Hvernig getum við notað þau?

### ? Veistu hver réttindi þín eru?

Margir kaflar í þessari bók fjalla um þetta vandamál.

### Að þekkja réttindi sín

Í næsta kafla er litið á ýmis réttindi sem eru vernduð af alþjóðlegum lögum. Ef við vitum hvaða svið mannglegrar tilveru tengjast lögum um mannréttindi og áttum okkur á skuldbindingum stjórnvalda samkvæmt þessum lögum getum við farið að beita þrýstingi eftir mismunandi leiðum. Í þessum kafla er sýnt fram á að nánast hvers kyns óréttlæti tengist mannréttindum: allt frá fátækt manna til umhverfisspjalla, heilbrigðismála, vinnuskilyrða, pólitískrar kúgunar, kosningaréttar, erfðataekni, málefna minnihlutahópa, hryðjuverkastarfsemi, þjóðarmorða ... og áfram má telja. Og vandamálunum fer fjölgandi enn þann dag í dag.

Fjallað er sérstaklega um sum þeirra mála sem snerta beitingu laga um mannréttindi í kaflanum „Spurningar og svör“. Þar eru stutt svör við sumum algengustu spurningunum um mannréttindi.

Auk þess er í öllum undirköflum 5. kafla fjallað nánar um málefni sem tekin eru fyrir í bókinni. Nánari upplýsingar um tiltekin réttindi – til dæmis réttinn til heilbrigðis, til menntunar eða viðunandi vinnuumhverfis – er að finna í itarefninu um þann málaflokk.

### Lögformlegar leiðir

Lítum á þær lögformlegu leiðir sem fara má til að verja ólíka hagsmuni fólks. Í Evrópu erum við sérstaklega heppin, að minnsta kosti hvað sum réttindi varðar, því að við höfum fastan dómstól sem fer með kærur vegna brota – Mannréttindadómstól Evrópu. Jafnvel þar sem kærur falla ekki undir lögsögu Evrópudómstólsins kemur í ljós að finna má aðrar leiðir til að draga ríki til ábyrgðar fyrir gerðir sínar og knýja þau til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum um mannréttindi. Það er stöð í lögunum, jafnvel þótt ekki finnist alltaf lagaleg úrræði til að þvinga ríkin til að fara eftir þeim.

### Hagsmunagæsla, herferðir og aðgerðastefna

### ? Hefur þú einhvern tíma tekið þátt í átaki eða aðgerðum til stuðnings mannréttindum?

Frjáls félagasamtök, góðgerðarfélag og aðrir hópar sem vinna að samfélagsmálum gegna mikilvægu hlutverki og veita ríkjum aðhald. Þetta er aðalviðfangsefni kaflans um aðgerðastefnu og hlutverk frjálsra félagasamtaka. Hlutverk slíkra samtaka er einkum mikilvægt fyrir manninn – og konuna – á götunni, ekki bara vegna þess að slík samtök taka oft einstök mál upp á sína arma, heldur líka vegna þess að þau gefa venjulegu fólki færi á að beita sér fyrir vernd mannréttinda. Þegar allt kemur til alls er það venjulegt fólk sem myndar slík samtök! Athugum einnig hvað þau gera til að bæta mannréttindi og skoðum nokkur dæmi um vel heppnaðar aðgerðir.

„Ég lít á dauðarefsingu sem villi-mannlegt og siðlaust fyrirkomulag sem grefur undan lagalegum og siðferðislegum stöðum samfélagsins. Ég er sannfærður um ... að grimmd elur aðeins af sér grimmd.“

Andrei Sakharov



## Að láta til sín taka

Í 3. kafla er fjallað um þessar aðgerðir í framkvæmd og þar eru gefin ýmis dæmi. Æskulýðssamtök fá miklu áorkað með því að þrýsta á ríki eða alþjóðastofnanir og sjá til þess að mannréttindabrot verði gerð opinber. Í kaflanum eru dæmi um þær aðferðir sem hópur leiðbeinandans gæti notað og þau gefa auk þess betri innsýn í það hvernig frjáls félagasamtök haga daglegu starfi sínu.

„Hver einasta sála er gísl sinna eigin gerða.“

Kóraninn

## Mannréttindi – vandamál og misbeiting

Hvað eigum við að gera þegar réttindi eins hóps hafa í för með sér takmörkun á réttindum annarra? Stundum eru mannréttindi notuð sem afsökun fyrir aðgerðum sem eru í raun vafasamar út frá siðferðislegu sjónarmiði. Stundum heldur fólk og jafnvel stjórnvöld því fram að það sé með aðgerðum sínum að verja mannréttindi en í rauninni stríða aðgerðir þess gegn grundvallarréttindum.

Ekki er alltaf auðvelt að dæma slík mál. Athugum eftirfarandi dæmi.

### Árekstur réttinda

Eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum 11. september 2001 hafa margar ríkisstjórnir takmarkað viss grundvallarmannréttindi í því skyni að verjast hryðjuverkaógninni. Í Bretlandi hafa verið sett lög sem brjóta gegn 5. grein Mannréttindasáttmála Evrópu, sem bannar geðþóttahandtöku og varðhald. Þau heimila stjórnvöldum að loka fólk inni án ákæru eða dóms, þótt aðeins liggi fyrir grunur um sök.



**Á það að líðast að réttindi minnihlutahópa séu takmörkuð í nafni þjóðaröryggis? Ef svo er, eiga að vera einhver takmörk fyrir því?**

Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur úrskurðað að mótmælagöngur nasistahópa í hverfum gyðinga séu heimilar í nafni tjáningarfrelsis. Væri rétt að hindra slíka hópa í að boða kenningu sem gæti leitt til útrýmingar heillar þjóðar? Eða er það óþolandi takmörkun á tjáningarfrelsinu?

### Menningarhefðir

Skipulögð hjónabönd eða jafnvel nauðungarhjónabönd eru viðtekin venja í mörgum menningarheimum, þar sem stúlku er gert skylt að giftast manni sem fjölskylda hennar hefur valið, oft þegar hún var mjög ung að árum. Á að banna slíka siði til að vernda ungar stúlkur? Eða væri það óvirðing við menningarhefð sem er ólík okkar?

Einnig má nefna þá lífseigu venju í mörgum löndum að limlesta kynfæri stúlkna, og „heiðursmorð“ á stúlkum og konum. Þúsundir manna líða fyrir afleiðingar siða sem þessara og flestir líta vissulega á þá sem alvarleg mannréttindabrot. Er viðurkenning á kynfæralímlestingu kvenna menningarfyrirbæri sem á að „umbera“?



**Eiga menningarleg gildi nokkru sinni að geta „hnekkt“ algildi mannréttinda?**

### Í þágu góðs málstaðar

Alþjóðasamfélagið notar stundum viðskiptabann til að refsa stjórnvöldum sem teljast sek um kerfisbundin mannréttindabrot. Þá eru viðskipti við brotlega landið bönnuð til að þrýsta á stjórn-

„Í hvert sinn sem réttlætið deyr er eins og það hafi aldrei verið til.“

José Saramago

Árið 1995 bar Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna saman barna- og ung- barnadauða það ár og árið 1989 í Bagdad. Á grundvelli gagnanna sem þeir öfluðu birtu tveir menn sem störfuðu í rannsókn- arhópnum opinbert bréf þar sem því var haldið fram að um 567.000 írösk börn hefðu dáið af völdum viðskiptabannsins fram að þeim tíma. Í apríl 1998 fullyrti Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna að um 90.000 börn dæju árlega af völdum bannsins.

völd um að breyta háttum sínum. Sum lönd hafa verið algerlega einangruð af alþjóðasamfélaginu: Suður-Afríka var einangruð árum saman vegna aðskilnaðarstefnu sinnar og Kúba, til dæmis, er útilokuð frá viðskiptum við mestallan heiminn. Enginn vafi er á að almenningur fann fyrir afleiðingum slíks banns, en það eru þeir sem minnst mega sín í þjóðfélaginu sem verða harðast úti. Er þetta viðunandi leið til að fá ríkisstjórn til að hætta mannréttindabrotum?

Þó að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu sprengjuárásir NATO-ríkjanna á Kosovo ekki opinberlega voru ýmsir sem réttlættu þær með því að verið væri að vernda albanska minnihlutann og refsa illvirkjum fyrir þjóðarmorð. Hernaðaraðgerðirnar leiddu til þess að hundruð þúsunda manna urðu að flýja heimili sín, um 500 óbreyttir borgarar voru drepnir og innviðir Serbíu voru lagðir í rúst. Þær leiddu einnig til þess að Milosevic forseti var handtekinn og látinn svara til saka fyrir alþjóðlegum dómstóli. Svipaðar aðgerðir fóru fram í Afganistan til að reyna að uppræta hryðjuverkahópa sem voru taldir bera ábyrgð á atburðunum 11. september 2001. Er hægt að réttlæta slíkar aðgerðir, þótt þær skili árangri, ef þær valda dauða fjölda saklauss fólks?



**Er hægt að réttlæta hernaðaraðgerðir með því að verið sé að verja mannréttindi?**

Í ályktun í apríl 2001 hafnaði Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna því að baráttan gegn hryðjuverkum gæti nokkurn tíma réttlætt það að mannréttindum yrði fórnað. Ályktun 2001/24 fordæmdi hryðjuverkaárásir sem tengdust átökunum í Tsjetsjeníu og brot Tsjetsjeníuhers á mannréttindalögum, svo og vissar aðferðir sem rússneski herinn beitti oft í Tsjetsjeníu. Farið var fram á stofnun óháðrar rannsóknarnefndar í landinu til að kanna brot Rússa.

Rússnesk stjórnvöld hafa enn ekki farið að tilmælum Mannréttindaráðsins. Mannréttinda- dómstóll Evrópu hefur réttað í fjölda mála gegn Rússlandi þar sem stjórnvöld hafa verið fundin sek um alvarleg mannréttindabrot gegn óbreyttum borgurum í Tsjetsjeníu.

## Fleiri ráðgátur

Ekki fást skýr svör við öllum spurningunum sem bornar voru upp í kaflanum hér á undan; um þær er stöðugt deilt, jafnvel enn þann dag í dag. Slíkar deilur eru að vissu leyti mikilvægar. Þær eru bæði til vitnis um þá fjölhyggju sem er grundvöllur hugmyndarinnar um mannréttindi og gera ljósa þá staðreynd að mannréttindi eru ekki vísindi, ekki óbreytanleg „hugmyndafræði“ heldur vettvangur siðferðislegrar og lögfræðilegrar hugsunar sem er í stöðugri þróun. Við eigum ekki alltaf að búast við afdráttarlausum svörum – bæði vegna þess að þessi mál eru flókin og það eru engir sérfræðingar til á þessu sviði sem eru hæfir til að skera endanlega úr um og jafna allar deilur.

Samt merkir þetta ekki að það séu engin svör og engar leiðir til samkomulags. Þær eru margar og þeim fjölgar stöðugt. Þrælshald er eitt þeirra fyrirbæra sem voru umdeild en nú er ekki talið forsvaranlegt að viðgangist: rétturinn til að vera ekki hnepptur í þrældóm er nú almennt viðurkenndur sem grundvallarmannréttindi. Þó að kynfæralímlesting sé varin í sum- um menningarheimum er hún víðast hvar fordæmd sem mannréttindabrot. Og dauðarefs- ingin er, að öllum líkindum, að verða slíkt mál – að minnsta kosti í Evrópu, þar sem þess er krafist að aðilar að Evrópuráðinu beiti sér fyrir afnámi hennar.

Við getum því verið viss um að mörg þessara álitamála verði einnig leyst á endanum. Þang- að til getum við tekið þátt í umræðunni og myndað okkur sjálf skoðun um umdeildustu málin með því að hafa grundvallargildin tvö í huga: jöfnuð og mannlega reisn. *Ef einhver aðgerð sviptir einstakling mannglegri reisn, þá er hún brot gegn mannréttindum.*

### Heimildir

Europe, Youth, Human Rights, *Report of the Human Rights Week, Yael Ohana (ritstj.), European Youth Centre, Budapest, 2000.*

Garzón Valdés, E., „Confusiones acerca de la relevancia moral de la diversidad cultural“, *CLAVES de Razón Práctica, Nr. 74, Madrid, júlí/ágúst, 1997.*

Human Rights, a basic handbook for UN staff, *Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna, Sameinuðu þjóðirnar, Genf.*

Levin, L., *Human Rights, Questions and Answers, UNESCO, París, 1996*